

GLÖGGT ER GESTS AUGAÐ

ÚRVAL FERÐASAGNA UM ÍSLAND

SIGURÐUR GRÍMSSON

VALDI KAFLANA
OG SÁ UM ÚTGÁFUNA



Reykjavík 1946

MENNINGAR- OG FRÆÐSLUSAMBAND ALÞÝÐU

ITALO BALBO:

Í landi víkinganna

Italo Balbo er Íslendingum kunnur af flugheimsókn hans hingað til lands árið 1933. Hann var fæddur í sveitaparpi, Quarterana, á Ítalíu 5. júní 1896. Hann fylgdi fasistastefnunni frá upphafi og var einn fjórmenninganna, sem stjórnðu förinni til Rómaborgar árið 1922. Eftir hópflug hans yfir Atlantshaf sunnanvert (til Brasilíu og heim aftur) og norðanvert (um Ísland til Chicago og um Azóreyjar til Rómaborgar) var hann gerður að flugmarskálki og síðar að landstjóra í Líbíu. En þar lét hann líf sitt í flugferð í upphafi hinnar ítölsku þátttöku í síðustu styrjöld, eins og flestum mun kunnugt. Balbo skrifaði margt, blaðgreinar og bækur, þ. á m. bók um hópflugið um norðanvert Atlantshaf, *La centuria alata* (Hundraðssveitin fljúgandi), og úr henni er sá kafli tekinn, er hér fer á eftir.

I.

Þegar við setjumst á sjóinn (við Vatnagarða), byrja nýir erfiðleikar. Við náum ekki til legufæranna vegna vindstöðunnar. Þá setjum við vélina aftur í gang, en hún lætur ekki að stjórn. Þá breiðum við út yfirhafnir okkar á öðrum vængnum og notum þær fyrir segl. Með þessum kynlega útbúnaði, er breytti flugbátnum í seglskip, komumst við loks að legufærunum. Þetta tók okkur fjörutíu mínútur.

Loksins liggur flugbáturinn bundinn við festar með blaktandi fána dreginn á stöng. Þá fyrst verð ég þess var, að mér er kalt. Bátur er á leiðinni til okkar. Ég sé þar andlit, sem ég kannast við. Það er Altomare höfuðsmaður, sem er yfirmaður flugstöðvarinnar á Íslandi. Við hliðina á honum í bátnum stendur stjórnararindreki í fullum skróða, með tvístrendan hatt, gullið sverð og skikkju yfir herðum, ægi-

legum ásýndum, kaldur og rólegur. Þetta er hið blómlega andlit Tommasi sendisveitarráðunauts, sem kemur til að fagna okkur. „Hvílíkt veður til að setja upp tvístrendan hatt!“ hrópa ég til hans. Og mér verður hugsað til vinar míns, De Bono, sem hefur svo mikið dálæti á þessu höfuðfati, eins og öðrum arfi löngu liðinna tíða . . . Öll ólund hverfur út í veður og vind. Ekkert, sem amar að, nema þetta óumflýjanlega naglakul norðurhafanna. Við förum í land. Ungur maður, þreklega vaxinn, stendur á bryggjunni ásamt íslenzku yfirvöldunum. Það er forsætisráðherrann, sem kominn er þangað með konu sína og litla telpu, sem minnir mig á hana Valeríu mína með gullna hárið. Þessi yndislegi telpuhnokki réttir mér ofurlítinn blómvönd. Blóm frá Íslandi. Dýrmæt gjöf! Ég þakka innilega.

Þarna eru einnig nokkrir blaðamenn, ítalskir og útlendir. Ég hef ekki fyrr stigið fæti á land, en ensk kona, fréttaritari einhvers blaðsins, spyr mig:

— Hvert ætlið þér að fara í næsta hópflugið?

— Hafið þolinmæði að bíða, kæra frú, svara ég, — unz ég hef lokið þessu flugi, — svo sjáum við til . . .

Það, sem fyrst vekur athygli mína, er gríðarmikill flugvélaskúr. Mér er sagt, að hann hafi verið reistur af Þjóðverjum, sem hugðust nota hann fyrir flugvélar, er færur hringflug um Ísland. Og það var myndað hlutafélag með takmarkaðri ábyrgð, sem auðvitað varð fljótlega gjaldþrota. Já, innan um sundurtættar umbúðir og ónothæfa vélahluti fundu hinir ítölsku landar vorir, sem störfuðu við áfangastöðina þarna, mikinn fjölda hlutabréfa, sem eigendurnir höfðu skilið við sig og voru nú búnir að gleyma. Sic transit . . . Í dag er of vont í sjóinn, til þess að við förum að hlaða benzíngeymana. En við þraukum með þolinmæði. Á morgun getur kallið komið. Ég læt það boð út ganga, að bátshafnir megi fara í land, og sjálfur fer ég fyrstur eftir bröttum og þröngum stíg og því næst eftir breiðari götu, unz við komum inn í borgina, sem er í tveggja til þriggja kílómetra fjarlægð. Reykjavík er skreytt okkar vegna eins

og við hin mestu hátíðahöld í norðlægum löndum. Meðfram hinum þrifalegu götum eru lítil timburhús, þokkaleg, snotur og aðlaðandi. Glöðværð ríkir meðal fjöldans, er biður okkar. Ómögulegt að skilja, hvað sagt er. En augnatillitin og allt látbragð fjöldans gefa nógsamlega til kynna, að við erum hjartanlega velkomnir.

Halarófa af bílum flytur okkur til gistihússins Borgar, eftir að hafa farið með okkur næstum því þvert í gegnum bæinn. Á torginu Austurvelli ná fagnaðarlæti Íslendinganna hámarki sínu. Áður en forsætisráðherrann skilur við okkur, biður hann viðstadda að hrópa húrra fyrir Ítalíu. Og fagnaðaropin vara, löngu eftir að við erum komnir til herbergja okkar í gistihúsinu. Fyrir framan það dregur ekkert úr mannþrönginni.

Hótel Borg er ekki stórt gistihús, en það er byggt eftir ströngustu reglum um nútímabægindi, og það er einstaklega þokkalegt, eins og segja má um öll íslensk híbýli. Það er samkomustaður fína fólksins. Við höfum ekkert að setja út á herbergin, sem okkur eru ætluð. Ýmsir heldri menn, íslenskir og erlendir, koma í heimsókn til mín. Ég á stutt viðtal við ítölsku blaðamennina. Síðan sem ég skýrslu mína til ríkisleiðtogans, tjái honum ánægju mína yfir framkomu áhafnanna á hinum langa og erfiða áfanga og lýsi yfir þakklæti mínu fyrir sívakandi umhyggju hans. Ég fullvissa hann um, að hið göfuga fordæmi hans standi mér ávallt fyrir hugskotssjónum og muni leiða okkur til sigurs. Ég bæti því við, að eftir veðurspánum að dæma, sem gilda eiga fyrir næstu dægrin, megi búast við nokkurri viðdvöl í Reykjavík, áður en við getum haldið ferðinni áfram.

Loks kom sú stund, að við gátum tekið á okkur náðir. Við áttum skilið að hvílast. Síðastur geng ég til herbergis míns. En ég fæ að reyna, hversu erfitt er að festa svefn á þessum björtu nóttum norður undir heimskautsbaug. Dagsbirtan varir allan sólarhringinn. Og svo eru engir hlerar fyrir gluggunum á gistihúsinu, en fyrir þeim hanga þunn, daufblá tjöld, sem hleypta birtunni í gegnum sig, svo að



Forsætisráðherra fagnar Balbo.

inni í herberginu er ljóst eins og um hádag. Ég reyni árangurslaust að festa svefninn. Loksins finn ég upp á ráði til að myrkva herbergið. Það er kannski ekki til eftirbreytni, en gerði þó sitt gagn. Ég nældi rúmlaki fyrir gluggann og tróð í allar glufur, sem birta gat komizt inn um. Með þessu móti varð þó dálítið dimmara í herberginu, hálfgertrökkur. Ég kasta mér upp í rúmið og bíð eftir náttmyrkrinu. Það kemur ekki fyrr en um miðnætti og varir aðeins í eina mínútu. Þá er aftur kominn dagur. Loks aumkast Óli lokbrá yfir mig, og ég fell í væran og endurnærandi svefn.

II.

Hver sá, sem í fyrsta sinn kemur til Reykjavíkur, verður undrandi yfir þeirri menningu og listasmekki, sem bærinn ber vott um. Suður-Evrópubúi, sem til Íslands kemur, er að óreyndu sannfærður um, að afkomendur hinna frægu sjógarpa á miðöldunum séu enn í dag á frumstæðu menningarstigi, lífi sama lífi og að fornu í einangrun sinni gegnum aldirnar. En hér er allt með öðrum svip en manngrunaði. Þessi þjóð tekur þátt í allri menningu nútímans ekki síður en aðrar Norðurlandþjóðir. Ísland er meðal mestu framfara- og menningarlanda heimsins. Varla nokkur maður ólæs eða óskrifandi. Því hefur verið haldið fram, að alþýðumenntun á Íslandi væri meiri en meðal Englendinga og Þjóðverja. Það kann að vera orðum aukið. En hitt er víst, að það er ánægjulegt og um leið furðulegt að sjá, hve fjörlegur blær er yfir lífinu í lítilli borg eins og Reykjavík og að þar skuli ekkert vanta af þægindum nútímans. Þar eru blómlegir og vel staðir bankar, eins og Landsbankinn og Búnaðarbankinn. Jósepsspítalinn hefur handlæknadeild, sem myndi sóma sér vel í stærstu sjúkrahúsum meginlandsins. Spítalinn stendur á hæð í vesturhluta borgarinnar og er umluktur miklum garði, sem á aðra hönd liggur upp að kaþólsku kirkjunni, en á hina að sjómannaskólanum. Það eru kaþólskir prestar, sem stýra stofnuninni, og var hún

opnuð til almenningafnota í október 1902. Þar geta allir, sem hjúkrunar þarfnast, fengið að dveljast, hverrar þjóðar og hverrar trúar sem þeir eru . . .

Fá lönd eru jafnfögur og heillandi og Ísland frá sjónarmiði manna, sem gjarnir eru á að láta hugann reika. Það er hið klassíska heimaland sagna og munnmæla norðursins. Landnámssaga eyjarinnar er mjög svo merkileg. Ég hef gaman af því að hlusta á fallegar arfsagnir sveitafólksins, sögur, sem hafa litauðgi og töfra ævintýranna. Stofnandi borgarinnar var hinn mikli skandínavíski sjógarpur Ingólfur. Hann sigldi um þessi svölu höf í leit að nýjum löndum. Hann hafði heitið því, er hann lagði af stað frá áttögum sínum, að hann skyldi sigla skipi sínu, þangað til það legði að ströndum nýrrar eyju, sem enginn hefði fyrr kannað. Og þar skyldi hann dveljast síðan til æviloka. Og reyndin varð sú, að skip hans rak að ströndum Íslands, við Ingólfshöfða, þar sem nú er ofurlítið fiskimannaþorp. Síðar settist farmaðurinn að á þeim stað, sem nú er Reykjavík, en það orð þýðir á skandínavísku „hin reykjandi borg“. Ef til vill hefur staðurinn fengið það nafn af hinum hræðilegu þokum, sem liggja oft yfir honum á veturna eins og þykk ábreiða, eða af hverunum, sem spúa sjóðandi vatni og gufu. Síðar, um sjötíu árum síðar, fór annar sjógarpur, sem um getur í sögunum, Eiríkur hinn rauði, frá ey þessari að leita að enn öðrum ókunnum löndum. Hann hafði erft ævintýralöngun hins mikla Ingólfs. Með rauðbikuð skip mönnuð víkingum sínum náði hann vissulega til stranda Grænlands, en íslenzka arfsögnin bætir því við, að hann hafi komizt alla leið til Ameríku, til Labradors í Kanada, nokkrum öldum á undan Kólumbusi. Hvað sem um það er, þá er það ómótmælanlegt, að þessir eyjarskeggjar voru heillaðir af hafinu og eru það enn.

Nú á dögum lifa íbúar Íslands á hafinu og afurðum þess, og þannig hefur það ávallt verið. Fiskveiðar, aðallega þorskur og lax, hafa hingað til nægt til þess, að öll þjóðin gæti lifað. Fiskurinn er fluttur út í svo stórum stíl, að tekjurnar

af þeirri verzlun nægja til að halda lífinu í íbúunum og greiða allan kostnað við ríkishaldið í þessu íslenska smá-riki. Jarðyrkja er á mjög frumstæðu stigi og í rauninni ein-skorðuð við grasrækt og afnot hrjóstrugra beutilanda.

Fiskverkun er eitt af þeim daglegu störfum fólksins, sem einkum vekur athygli okkar. Það er áberandi, hve margar stúlkur, sumar kornungar, stunda þá vinnu. Sömu stúlkurnar og við sjáum inni á Borginni á kvöldin klæddar smekklefum kjólum, sem jafnvel Parísarmeyjar mundu öfunda þær af, hittum við morguninn eftir úti á stakkstæðunum ífærðar vinnuföt, gráa eða hvíta samfestinga, í grófum sokkum og skóm með trésólum, önnum kafnar við að salta fisk eða pakka. Aðrar hafa atvinnu í afgreiðslunum og skrifstofunum, en hversdagsbúningur þeirra er ekki miklu finni en hinna, sem vinna erfiðisvinnu. Við tókum eftir því, að allar stúlkur hafa hanzka á höndum við vinnu sína. Þær vita sem er, að höndin segir óbrigðult til um fínleik konunnar. Og þegar þær koma inn á Borgina á kvöldin í hinum fínu, flegnu tízkukjólum til að dansa við piltana mína, er ómögulegt að sjá á hinum mjallhvítu og vel snyrtu höndum þeirra, að þær hafi verið allan daginn með þær í fiski og saltpækli. En svona er það samt. Og engan furðar á því.

Í hinum erfiðu hversdagsstörfum taka einnig þátt stúdentar og synir efnaðra borgara á þeim tímum, sem þeir þurfa ekki öðru að sinna. Og karlmennirnir koma einnig að dagsverki loknu inn á skemmtistaðina og eru þá klæddir óaðfinnanlegum viðhafnarfötum. Sú venja er almenn að eyða kvöldinu utan heimilisins við heiðarlegar og upplífandi skemmtanir. Að Hótel Borg kemur saman úrvalsfólkið í bænum. Í hinum rúmgóða borðsal, sem flugföngjar mínir hafa helminginn af, er líf og fjör langt fram á nótt. Lunderni og viðmót Íslendinga, bæði kvenna og karla, er hið alúðlegasta. Þeir hika ekki við að gefa sig að hinum óvenjulegu gestum, sem í þetta sinn hefur rignt yfir eyjuna ofan

úr skýjunum. Með slíku viðmóti, sem er svo blátt áfram og einkennir íbúa Norðurlanda, tekst fljótt að vinna bug á öllum hindrunum, jafnvel erfiðleikunum á því að skilja málið.

Á hverju kvöldi, meðan á máltíð stendur, spilar hljómsveit hótelsins ítölsk lög, og það voru sungin stef úr „Giovinezza“, alpasöngvum og kvæðinu um Róm, sem er nokkur konar afbrigði hins fræga kvæðis eftir Hóratíus.

III.

Atlantshafspiltarnir mínir eru fæddir þrúðmenni og allir elska þeir kvenfólkið, sérstaklega þegar það er, eins og hér á Íslandi, verulega fallegt. Sumir hinna yngstu myndu gjarnan vilja rata í reglulegt ástarævintýri. En íslenzku stúlkurnar eru ekki svo leiðitamar sem þær kunna að virðast. Jafnvel herbergisþernurnar hafa náð því stigi uppeldis og menntunar, sem ef til vill er fyrir ofan meðallag í borgararfjölskyldum vorum. Hvað herbergisþernurnar snertir, þá er ein þeirra mjög falleg, með fíngerðar og hvítar hendur eins og á prinsessu. Vöxtur hennar er í alla staði óaðfinnanlegur. Hún hefði getað verið fyrirmynd klassískustu myndhöggvara, bæði í fornöld og nú á tímum. Hún er beinvaxin, hefur fíngerðan háls og glóbjart hár eins og dís í ævintýri.

Clingheri höfuðsmaður, bróðir gamals vinar míns, Umbertos, er allt af á eftir henni með dreymandi augnaráði og rómantískum tilburðum. En það lítur ekki út fyrir, að stimamýkt hins unga flugmanns ætli að bera árangur. „Hennar hátign“ herbergisþernan, — eins og Longo undir- ofursti kallar hana, en hann er einnig mjög viðkvæmur fyrir íslenzku fegurðarstjörnunum —, kann að halda aðdándum sínum í hæfilegri fjarlægð. Árangurslausar tilraunir djörfustu flugmannanna vekja gamansamt umtal og óþrjótandi fyndni félaga þeirra. Jafnvel þegar bæjarstúlkurnar,

sem eru ófeimnar við að drekka áfengi, láta undan freistingum viskýs og brennivíns, missa þær aldrei stjórn á sjálfum sér.

Svo er líka annað. Þegar við segjum frá dvöl okkar í Reykjavík, verður okkur á að tala um kvöld og nætur. En það eru orð, sem ekki eiga við á Íslandi nema að nokkru leyti, því að eins og kunnugt er, er þar sífelldur dagur í sex mánuði af árinu. Nú ber svo við, að Longo ofursti hefur gengið með grasið í skónum á eftir fallegri konu og fær loks, sakir einstakrar þolinmæði sinnar, tilkynningu um stefnumót með þessum orðum:

— Gott og vel, við hittumst þá í skemmtigarðinum klukkan eitt eftir miðnætti . . .

Ofurstinn hrósar strax sigri. En hann gleymdi, að þarna er ekki eitt einasta tré, sem er yfir 50 sentímetra hátt, og að klukkan eitt eftir miðnætti skín sól, sem að vísu er fól, en ber þó mikla birtu. Þegar hann því skundar til stefnumótsins með laumulegum skrefum kvennaveiðarans, finnur hann hvorki hinn vinveitta skugga næturinnar né skemmtigarðinn, sem hann dreymdi um, heldur opið autt svæði, sem sjá má yfir úr öllum áttum. Þannig endar það ævintýri allt of fljótt.

Gestrisni Íslendinga er svo alúðleg og viðfelldin, að ég hafði hugsað mér að sýna einhvern vott um þakklæti mitt. Áður en lagt var af stað frá Ítalíu, hafði minn gamli, góði vinur dr. Carlo Pareschi, aðalforstjóri Sambands jarðyrkjufélaganna, sent flugsveitinni að gjöf 24 kassa af ferskjum, einn handa hverri flugvél. Þær voru náttúrlega úrval þess bezta, sem landið mitt framleiðir. Ég gef skipun um að sækja kassana um borð, því að ég hef hugsað mér að gefa þá embættismönnum og kunningjum í Reykjavík. Þegar til kemur, finnast ekki nema þrír kassar. Mér er sagt, að allir hinir hafi laskazt á leiðinni og ferskjurnar skemmzt vegna hita, svo að þeim hafi verið varpað útbyrðis. Ég skil nú þessa latínu. Flugmennirnir hafa auðvitað ekki getað staðizt freistinguna og borðað ferskjurnar á leiðinni. En ég

tek skýringuna gilda og læt nú fara með þrjá kassana, sem eftir eru, heim til kunningjanna, tvo til forsætisráðherrans og einn til borgarstjórans. Það var upplit á þeim, þegar kassarnir voru opnaðir og hinir undurfögru ávextir komu í ljós! Einkum varð litla dóttir forsætisráðherrans hrifin. Hún hafði kannski aldrei fyrr séð svona ávexti eða smakkað á þeim. Innflutningur ávaxta til Íslands þyrfti einmitt að fara fram loftleiðis, því að með skipum er hætt við, að þeir komi ekki nógu ferskir til neytenda.

Mér dettur í hug, hversu margt það er, auk ferskna, sem Ítalía gæti selt þessu landi af landbúnaðarafurðum, svo ekki séu nefndar iðnaðarvörur, sem margar kæmu einnig til greina. Eins og ég hef áður bent á, verða Íslendingar að kaupa flestar nauðsynjar frá hinum fjarlægum löndum meginlandsins. En því miður er Ítalía ekki í tölu þeirra útflutningslanda. Og þó kaupir hún um 13 þús. smálestir af saltfiski frá Íslandi ár hvert (nærri fjórða hluta af heildarframleiðslu eyjarinnar) fyrir um 40 milljónir líra!

Að kvöldi hins 6. júlí erum við flugmennirnir gestir forsætisráðherrans. Er þó ekki um opinbera móttöku að ræða. Þó taka þátt í þessum kvöldverði um fimmtíu manns, þar á meðal allir konsúlar erlendra ríkja. Þar er viðkunnlegur hollenzkur flugmaður, sem leggur ótrauður til flugs á hverjum morgni og felur sig í skýjunum til þess að rannsaka vindstöðuna í háloftunum vegna pólarssóknanna.

Heimili forsætisráðherrans er skreytt málverkum úr íslenzku lífi. Ber þar allt vott um, að húsráðandi er hrifinn af fegurð lands síns. Samúðin með Ítalíu og fasistum er látin í ljós með svo hjartanlegum orðum, að maður kemst við.

Ræðu forsætisráðherrans, er hann flutti á íslenzku, svara ég á ítölsku. Þar bendi ég á, hvernig flugsamgöngurnar tengja saman hinar fjarlægustu þjóðir og stuðla þannig að gagnkvæmri viðkynningu þeirra. Þær stuðla því mjög að því, að heimsfriður haldist.

Ég fullvissa um, að ítölsku flugmennirnir munu geyma ógleymanlegar endurminningar um dvöl sína á Íslandi og

að ég fyrir mitt leyti muni fara frá landinu með sterka löngun til að koma þangað aftur.

Meðan við sitjum undir borðum, verða miklir erfiðleikar á því, að hverjir skilji aðra, þar eð tungumálin eru svo frábrugðin hvort öðru. En allt í einu vísur bankastjóri Landsbankans sér að mér og spyr:

— Latine loqueris?

Ég safna saman í skyndi hinum dreifðu og fjarlægum minningum um menntaskólalærdóm minn og svara:

— Loquor.

En í því hrópar forsætisráðherrann:

— Roma, patria amatissima secunda!

Hefði ég ekki verið hálfsmeykur við alla þessa viðhafnarlegu, svörtu kjólbúninga í kringum mig, hefði ég faðmað hann að mér. Eins og leiftri bregður fyrir í huga mér mynd af hinni fjarlægum Róm, sem er annað föðurland allra þjóða.

Þannig líður borðhaldið með hinum alúðlegustu viðræðum. Við tölum um Ísland, framtíð flugmála þess, um atvinnuvegi þess og fjármál og viðskipti þess við Ítalíu.

Meðal Atlantshafsflugmannanna vantar ekki pilta, sem taka rösklega til matar síns, og sá, sem yfirgengur þá alla, er einmitt aðstoðarflugmaður minn, Cagna undirofursti, enda er hann nú á því rétta aldursskeiði til þess að fá á sig varanlegt merki um góða matarlyst. Morguninn eftir komu okkar þar nokkuð skrítið fyrir mig. Strax og ég vaknaði, hafði ég náttúrulega beðið um mína venjulegu morgunhressingu, bolla af kaffi. Eftir fáeinir mínútur er komið inn í herbergi mitt með gríðarstórt fat, og á því er soðinn silungur, að minnsta kosti fjörutíu sentímetra langur. Ég lít á úrið mitt undrandi, klukkan er tæplega 7. Fyrst held ég, að þetta sé siður þar á staðnum, silungur sé kannski hafður í stað lystaukandi drykkjar. En eftir langar útskýringar, sem að mestu leyti fara fram með bendingum, skil ég loksins, að þjóninum hefur skjátlazt. Það var aðstoðarmaður minn, sem hafði beðið um silunginn. Cagna byrjaði snemma að gæða sér á íslenzku réttunum.